

Karlotta Helgadóttir

From: Þjónustuver Kópavogsbæjar
Sent: þriðjudagur, 14. mars 2023 11:27
To: Skipulag
Cc: Skjalavarsla skjaladeild
Subject: FW: 1912201 - Óskað eftir umsögnum vegna auglýsinga skipulagsáætlana í Garðabæ

Categories: Vistað í OneCRM; 23031258
One: -1

Kveðja,
Sigurbjörg H. Hauksdóttir
Þjónustustjóri þjónustuver
441 0000 | sigurbjorg@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

[Fyrirvari/disclaimer](#)

From: Anna María Guðmundsdóttir <annamg@gardabaer.is>
Sent: þriðjudagur, 14. mars 2023 10:36
Cc: Arinbjörn Vilhjálmsson <Arinbjorn@gardabaer.is>; Hrönn Hafliðadóttir <hronnha@gardabaer.is>
Subject: 1912201 - Óskað eftir umsögnum vegna auglýsinga skipulagsáætlana í Garðabæ

Góðan daginn

Óskað eftir umsögnum vegna auglýsinga skipulagsáætlana í Garðabæ

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 3. nóvember 2022 var samþykkt að vísa til auglýsinga samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirfarandi tillögum:

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar

- Aðalskipulagsbreytingin felst í endurskoðun á reiðleiðum og stígum í upplandi Garðabæjar til samræmis við deiliskipulag tillögur og friðlýsingartillögu sem kynntar eru samhliða.

Markmið tillögunnar er að laga stígakerfið að eftirfarandi tillögum:
að deiliskipulagi Fólkvangsins í Vífilstaðahrauni og Maríuhellum,
að friðlýsingu Urriðakotsbrauns sem fólkvangs í samstarfi við Umhverfisstofnun,
að deiliskipulagi fyrirhugaðs fólkvangs og golfvallar í Urriðakotsdölum,
að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og
að breytingum á deiliskipulagi Urriðaholts austurhluta og norðurhluta 4.

Einnig að laga stígakerfið að þeim breytingum sem hafa orðið vegna uppbyggingar í Garðabæ austan Reykjanesbrautar.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir því að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi og Elliðavatnsvegi leggist af en nýr reiðstígur komi úr Grunnvatnaskarði um Ljósakollulág og niður Vífilsstaðahlíð sem tengist reiðstíg í

Urriðakotshrauni. Gert er ráð fyrir breyttri legu Flóttamannavegar frá Urriðaholti að Vífilsstöðum til að bæta umferðaröryggi og einnig göngu-og hjólreiðabru yfir Reykjanesbraut austan mislægra gatnamóta Urriðaholtsstrætis og Reykjanesbrautar.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/uppland-gardabaejar-urridavatnsdalir-urridakotshraun-heidmork-og-vifilsstadahraun>

Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðakotsdölum

- Markmið deiliskipulagsins er að í Urriðakotsdölum og í Urriðakotshrauni verði aðlaðandi útivistarsvæði og að á Urriðavelli verði aðstaða til golfíðkunar í hæsta gæðaflokki. Samhliða gerð deiliskipulagsins er unnið að því að friðlýsa Urriðakotshraun sem fólkvang og hefur leiðarljós í deiliskipulagsvinnunni verið að stuðla að vernd hraunsins og náttúrulegs gróðurfars á svæðinu og skapa góðar aðstæður til útivistar með vönduðum stígum í góðum tengslum við stígakerfi í upplandi Garðabæjar. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun Urriðavallar, nýjum útivistarstíg. Hluti golfvallar verður innan fyrirhugaðs fólkvangs í Urriðakotshrauni.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/uppland-gardabaejar-urridavatnsdalir-urridakotshraun-heidmork-og-vifilsstadahraun>

Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni

- Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu samhliða því að vernda jarðmyndanir, gróðurfars, fuglalíf og menningarminjar. Skilgreint er fyrirkomulag göngu- og hjólastíga, fræðslu- og áningarstaða. Veglína Flóttamannavegar er endurskoðuð til að bæta öryggi á veginum. Stofnstígur milli Urriðaholts og Vífilsstaða meðfram Reykjanesbraut verður skilgreindur sem samgöngustígur með aðskildri umferð gangandi og hjólandi.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/uppland-gardabaejar-urridavatnsdalir-urridakotshraun-heidmork-og-vifilsstadahraun>

Tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar

- Tillagan gerir ráð fyrir nýjum reiðstíg frá Grunnavatnsskarði um Ljósakollulág og niður Vífilsstaðahlíð að reiðstíg í Urriðakotshrauni. Mörk deiliskipulagsins að vestanverðu breytast og eru samræmd mörkum að tillögu deiliskipulags útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum og tillögu að mörkum friðlýsingar sem er auglýst samhliða. Mörk deiliskipulagsins eru einnig samræmd mörkum að friðlandi Búrfells og Búrfellsgjár. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir Skógræktarfélag Garðabæjar við Sandahlíð m.a. með byggingarreit fyrir skála, bílastæði og aðstöðu fyrir aðra starfsemi félagsins.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/uppland-gardabaejar-urridavatnsdalir-urridakotshraun-heidmork-og-vifilsstadahraun>

Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta

- Tillagan gerir ráð fyrir því að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi leggist af.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/uppland-gardabaejar-urridavatnsdalir-urridakotshraun-heidmork-og-vifilsstadahraun>

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 2. mars 2023 var samþykkt að vísa til auglýsinga samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirfarandi tillögum:

Tillaga að breytingu deiliskipulags 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts

- Tillagan gerir ráð fyrir breyttri legu Flóttamannvegar og undirgöngum undir veginn við göngustíg sem liggur milli Vífilsstaðahrauns og norðurhlíðar Urriðaholts. Einnig er gert ráð fyrir að reiðstígur sem liggur meðfram Flóttamannavegi verði felldur út.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/urridaholt-nordurhluti-4.-afangi-deiliskipulagsbreyting>

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar. Auglýsingarnar birtast í Fréttablaðinu, Garðapóstinum og á heimasíðu Garðabæjar.

Í samræmi við greinar 4.2.1 og 5.2.1. í skipulagsreglugerð nr.90/2013 er óskað umsagnar eftirfarandi aðila: Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Samgöngustofa, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Hestamannafélagið Sprettur, Vatnsveita Hafnarfjarðar, Veitur, Umhverfisstofnun, Landsnet, Náttúrustofa Suðvesturlands, Ferðamálastofa, Skógræktarfélag Reykjavíkur, Skógræktin, Skógræktarfélag Garðabæjar, Landeigendur á Setbergi, Landgræðsla ríkisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Almannaþingir, Hafnarfjörður, Kópavogur.

Umsagnir skulu berast á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabær, eigi síðar en 11. maí 2023.

Virðingarfyllt,
Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri



Kær kveðja,

Anna María Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri

Sími: [+354 5258505](tel:+3545258505)
annamg@gardabaer.is



Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Garðabæjar er á ábyrgð sendanda.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026